

Mánudaginn 22. maí 1995.

Nr. 156/1995. **Gjaldtökusjóður**
 (Valgarð Briem hrl.)
 gegn
Pórði Magnússyni

Kærumál. Fjárnám. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 12. apríl 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vesturlands, upp kveðinn 24. mars 1995, þar sem fellt er úr gildi fjárnám, sem gert var að kröfu sóknaraðila hjá varnaraðila 28. október 1994. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að gildi fyrrgreinds fjárnáms verði staðfest og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Varnaraðili hefur sjálfur flutt mál sitt fyrir Hæstarétti, og liggur ekkert fyrir um, hvort hann hafi þurft að bera af öðrum sökum kostnað af því. Verður kærumálskostnaður því ekki dæmdur honum.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 24. mars 1995.**I.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 24. febrúar sl., er höfðað af Pórði Magnússyni, kt. 181167-3789, Grundargötu 26, Grundarfirði, með kröfu, sem barst Héraðsdómi Vesturlands 22. desember 1994 og þingfest 11. janúar

1995. Krefst sóknaraðili þess, að fjárnám, sem fram fór hjá sýslumanninum í Stykkishólmi 28. október 1994 að kröfu Gjaldtökusjóðs, kt. 470593-2459, Skúlagötu 4, Reykjavík, í vélbátnum Helgu Hafsteinsdóttur, SH-318, Hugrúnu, AK-43, og fasteigninni Grundargötu 84, Grundarfirði, verði felld úr gildi. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og fjárnámið dæmt gilt, auk málskostnaðar að mati dómsins.

Sættir hafa reynst árangurslausar.

II.

Fiskveiðiárið stendur frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir.

Varnaraðili, Gjaldtökusjóður, kveðst hafa orðið þess áskynja, er stutt var liðið af fiskveiðiárinu, sem hófst 1. september 1993, að fiskiskipið Helga Hafsteins, SH- 345, hafi veitt verulega umfram kvóta. Eigandi skipsins hafi verið varaður við, en viðvörunum í engu verið sinnt. Skipið hafi því verið svipt öllum veiðiheimildum frá og með 23. febrúar 1994 samkvæmt skeyti, dagsettu 17. febrúar 1994, með vísan til 20. gr. laga nr. 39/1990 um stjórn fiskveiða. Varnaraðili kveður, að skeyti þessu hafi fylgt yfirlit um kvótastöðu skipsins miðað við 15. febrúar 1994. Hinn 1. júní 1994 hafi verið lagt á sérstakt gjald vegna þessa ólögmæta afla og skorað á eiganda skipsins að gera athugasemdir innan lögakveðins frests. Álagningunni hafi fylgt yfirlit um grundvöll álagningarinnar. Hinn 13. júlí 1994 hafi Lögfræðistofan Sól-eyjargötu 17 sf. sent sóknaraðila innheimtubréf vegna álagningarinnar. Hinn 2. ágúst 1994 hafi sóknaraðila verið birt greiðsluáskorun og skorað á hann að greiða kröfuna, ella yrði gert fjárnám til fullnustu hennar. Varnaraðili kveður sér hafa borist bréf þann 16. ágúst 1994 vegna álagningarinnar frá sóknaraðila, þar sem gerðar hafi verið athugasemdir við álagninguna. Bréfi þessu hafi verið svarað símleidis og sóknaraðila gerð grein fyrir því, að tveir mánuðir væru liðnir, frá því að hinn lögboðni frestur til að gera athugasemdir hefði runnið út, og því ekki grundvöllur til þess að taka málið til skoðunar að nýju. Jafnframt hafi sóknaraðila verið gerð grein fyrir sjónarmiðum varnaraðila, m. a. gildi veiðileyfissviptingar. Hinn 20. október 1994 hafi sóknaraðili svo verið boðaður til fjárnáms og fjárnám farið fram 28. október 1994. Sóknaraðili hafi síðan sent varnaraðila bréf 1. nóvember 1994 og óskað eftir afritum kvótaskýrslna frá sér og öðrum og ljósriti af framangreindu bréfi hans sjálfs. Bréfi þessu hafi varnaraðili svarað með bréfi, dagsettu 7. nóvember 1994, og hafi þar verið gerð nánari grein fyrir sjónarmiðum varnaraðila. Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 23. nóvember 1994, hafi sóknaraðili sent varnaraðila gögn, m. a. kvótaskýrslur.

Bréfi þessu hafi varnaraðili svarað munnlega á þá leið, að erindinu væri hafnað.

III.

Sóknaraðili viðurkennir að hafa veitt umfram heimildir þann tíma, sem hann gerði út bátinn Helgu Hafsteinsdóttur.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að álagt gjald varnaraðila í júní 1994 varði veiðar umfram heimildir allt fiskveiðiárið, þ. e. til 31. ágúst 1994. Við álagningu gjaldsins hafi ekki verið tekið tillit til leiðréttrar kvótastöðu, sem gerð hafi verið í ágúst 1994. Sú leiðrétting hafi verið gerð samkvæmt venju og varði veiðar þann tíma, sem sóknaraðili hafi gert út bátinn. Auk þess sé við álagninguna ekki tekið tillit til þess, að sóknaraðili gerði bátinn aðeins út til áramóta 1993/1994. Fjárnám hafi verið gert þrátt fyrir mótmæli sóknaraðila.

Þá styður sóknaraðili kröfur sínar því, að sér hafi ekki verið tilkynnt um, að málið væri til meðferðar hjá stjórnvöldum. Sér hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um efni málsins, áður en ákvörðun var tekin. Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa tilkynnt sér ákvörðunina sérstaklega. Þá heldur sóknaraðili því fram, að venja sé, að menn hafi allt fiskveiðiárið til þess að leiðrétta kvótastöðu sína. Úrskurður nefndarinnar sé hins vegar birtur, þegar þrír mánuðir séu eftir af kvótaárinu. Sóknaraðili kveður sér ekki vera kunnugt um, að aðrir aðilar hafi hlotið sömu meðferð. Sóknaraðili bendir og á, að það sé útgerðarmaður báts á hverjum tíma, sem beri ábyrgð á því, að ekki sé veitt umfram heimildir. Þannig sé sóknaraðili ekki réttur aðili málsins.

Sóknaraðili telur ljóst, ef farið hefði verið eftir ofangreindum reglum, að sóknaraðili hefði komið að sínum sjónarmiðum og væntanlega verið tekið tillit til þeirra við álagningu gjaldsins.

Sóknaraðili kveður af sinni hálfu hafa verið farið fram á endurskoðun álagningarinnar á grundvelli réttra gagna með fyrirvara um gildi úrskurðarins, en því erindi hafi ekki verið svarað formlega.

Sóknaraðili telur meðferð málsins hjá nefndinni brjóta í bága við reglur stjórnýslulaga nr. 37/1993, og samkvæmt framansögðu séu því þeir ágallar á ákvörðun nefndarinnar sem stjórnvalds, að leiði til ógildingar ákvörðunarinnar, og sé hún því ekki gild aðfararheimild.

Um lagarök vísar sóknaraðili til laga nr. 37/1992 og laga nr. 37/1993.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á því, að hann hafi ekki haft vitneskju um leigusamning þann, sem sóknaraðili vísi til, fyrr en sér hafi borist ódagsett bréf sóknaraðila, og afrit af leigusamningnum hafi hann fengið með sím-

bréfi 23. nóvember 1994, þ. e., eftir að fjárnámið hafi farið fram. Það hafi hins vegar verið skylda sóknaraðila að upplýsa um samninginn í síðasta lagi með formlegri kæru innan lögskilins frests frá álagningu. Um sé að ræða samning milli feðga, sem sé óvottaður og óþinglýstur, og staðhæfir varnaraðili, að um málamyndagerning, útbúinn eftir á, sé að ræða. Tilgangur sóknaraðila með þessari samningsgerð sé að koma sér undan álagningunni. Yfirlýsing Fiskmarkaðar Breiðafjarðar breyti engu hér um, þar sem sóknaraðila sé heimilt að ávísa greiðslum til annarra eftir því, sem honum sýnist. Samkvæmt því sé álagningu ekki beint gegn röngum aðila í málinu.

Varnaraðili mótmælir því, að heimilt sé að leiðrétta kvótastöðu eftir á. Hvorki séu til lög né reglur, sem heimili það; auk þess hafi skipið verið svipt veiðileyfi 23. febrúar 1994.

Ákvæði laga nr. 37/1992 um álagningu sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávar afla hafi ekki verið brotin, enda haldi sóknaraðili því ekki fram. Því sé um gilda stjórnsluathöfn að ræða.

Fullyrðingar sóknaraðila um, að álagningin hafi ekki verið kynnt honum, standist ekki, þar sem í fram lögðu, ódagsettu bréfi, undirrituðu af sóknaraðila, komi fram, að honum hafi borist álagningin.

Varnaraðili styður og kröfur sínar því, að tilvísun sóknaraðila til reglna stjórnslulaga eigi ekki við í máli þessu, þar sem sérlögin gildi, reyndar viðurlög við fiskveiðibroti, sem séu refsikennd. Auk þess hafi sóknaraðila á fullnægjandi hátt verið gefinn kostur á að tjá sig, áður en álagningin hafi verið framkvæmd. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki nýtt sér lögákveðinn frest, sem tilgreindur hafi verið á álagningarblaðinu.

Um lagarök vísar varnaraðili til laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávar afla nr. 37/1992.

IV.

Vegna brota gegn lögum um stjórn fiskveiða frá 1990 er vísað til laga nr. 37 frá 1992 um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávar afla. Þar er stjórnvöldum veitt heimild til þess að leggja á sérstakt gjald vegna sjávar afla, sem telst ólögmætur. Í 2. gr. þeirra laga segir: „Gjald skv. 1. gr. skal að jafnaði lagt á þann sem hefur gert út skip eða bát sem veitt hefur gjaldskyldan afla. Ef uppvíst verður um gjaldskyldan afla án þess að unnt reynist að ákvarða hver hafi veitt hann má þó leggja gjaldið á þann sem hefur tekið við aflanum til verkunar eða vinnslu eða hefur haft milligöngu um sölu hans eða afurða úr honum hvort sem er hér á landi eða erlendis, enda hafi þeir vitað eða mátt vita að um ólögmætan sjávar afla var að ræða.“ Lögin kveða á um, hverjir séu úrskurðaraðilar, og um málsmæðferðina að öðru leyti, m. a. er kveðið á um, að frestur til að kæra ákvörðun Fiskistofu sé tvær vikur og

frestur til að kæra þá ákvörðun til lögskipaðrar nefndar tvær vikur. Frestir samkvæmt lögnum miðast við það tímamark er aðili fékk vitneskju um álagninguna eða úrskurðinn.

Samkvæmt 2. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 skal beita reglum þeirra laga við málsmeðferð fyrir stjórnvaldi, ef ekki eru strangari reglur um málsmeðferðina í sérlægum. Fiskistofa telst stjórnvald í skilningi stjórnssýslulaga. Eiga því ákvæði þeirra laga við í máli þessu.

Álagning gjalds eða úrskurður um gjaldtöku samkvæmt 1. gr. laga nr. 37/1992 er aðfararhæf ákvörðun, sbr. 2. mgr. 10. gr. s. 1. Þar sem gjald þetta er unnt að innheimta með aðför án undangengins dóms, verður að telja enn brýnna, að aðilum sé tryggð vönduð málsmeðferð og réttur til að koma að athugasemdum sínum og andmælum. Með hliðsjón af eðli ákvörðunarinnar verður að gera þær kröfur til stjórnvaldsins að tilkynna með tryggilegum hætti, að mál sé til meðferðar hjá stjórnvaldinu.

Samkvæmt fram lögðum gögnum verður ekki séð, að sóknaraðili hafi fengið vitneskju um meðferð málsins hjá stjórnvaldinu. Ekki verður heldur séð, að sóknaraðila hafi verið kynnt ákvörðun um álagningu gjalds vegna ólögðs sjávaraflla fyrr en í ágúst 1994, er honum var birt greiðsluáskorun varnaraðila. Hins vegar er fram komið, að varnaraðili neitaði sóknaraðila um að koma að kæru, þar sem varnaraðili taldi alla fresti liðna.

Samkvæmt framansögðu hefur því varnaraðili brotið reglur stjórnssýslulaga um málsmeðferð fyrir stjórnvaldi og er því ekki gild stjórnvaldsákvörðun. Telst því aðfararheimild varnaraðila ekki lögmæt, og ber að fella úr gildi fjárnám það, sem fram fór hjá sýslumanninum í Stykkishólmi 28. október 1994 í vélbátnum Helgu Hafsteinsdóttur, SH-318, Hugrúnu, AK-43, og fasteigninni Grundargötu 84, Grundarfirði.

Samkvæmt þessum úrslitum skal varnaraðili greiða sóknaraðila 80.000 kr. í málskostnað.

Hervör Porvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Aðfarargerð sýslumannsins í Stykkishólmi, sem fram fór hjá sóknaraðila, Þórði Magnússyni, 28. október 1994 að kröfu varnaraðila, Gjaldtökusjóðs, er ógilt.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 80.000 kr. málskostnað.